

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag íþróttasvæðis Þórs á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag íþróttasvæðis Þórs við Skarðshlíð. Skipulagið kveður m.a. á um byggingarreit fyrir knattspyrnuhús, 90 x 120 m, nyrst á lóðinni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 1. ágúst 2001.*

F.h. bæjarstjóra Akureyrar,  
Kristjáns Þórs Júlíussonar,

**Hákon Stefánsson** bæjarlögmaður.

## REGLUGERÐ

### um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

#### I. KAFLI

##### **Prófnefnd.**

1. gr.

*Skipun.*

Prófnefnd löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, sem dómsmálaráðherra skipar, í reglugerð þessari eftirleiðis nefnd prófnefnd, skal standa fyrir prófi samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og nefnist próf þetta fasteignasölupróf.

Ráðherra skipar prófnefnd. Í prófnefnd skulu eiga sæti þrír aðalmenn, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

*Gerðabók.*

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

#### I. KAFLI

##### **Námskeið.**

3. gr.

*Framkvæmd.*

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða til undirbúnings fyrir þá sem þreyta vilja fasteignasölupróf. Prófnefnd skal gera tillögu til ráðherra um það hvenær námskeið skulu haldin og stendur fyrir þeim nema ráðherra ákveði að fela öðrum aðilum að annast námskeið.

Eigi er skylt þrátt fyrir auglýsingu um námskeið að efna til námskeiðahalds nema næg þátttaka fáiast að mati prófnefndar.

Prófnefnd getur heimilað öðrum en þeim, sem áforma að ganga undir fasteignasölupróf, að sitja námskeið og skulu þeir sitja fyrir sem hafa starfsreynslu á sviði fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Þeim, er þreyta vill fasteignasölupróf, er eigi skylt að sækja námskeið.